

# ÁRSRIT 2020



*Bandalag íslenskra leikfélaga*

Útgefandi:

Bandalag íslenskra leikfélaga

Kt. 440169-0239

Kleppsmýrarvegi 8

104 Reykjavík

Sími: 551 6974

Netfang: [info@leiklist.is](mailto:info@leiklist.is)

Veffang: [www.leiklist.is](http://www.leiklist.is)

Ritstjórn og ábyrgðarmenn:

Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga

Uppsetning efnis:

Hörður Sigurðarson

Prófarkalestur:

Stjórn BÍL

Forsíðumyndin er úr sýningu Frevangisleikhússins á Dagbók Önnu Frank

# Efnisyfirlit

---

Hugleiðing frá stjórn	5
Aðildarfélög 2019-2020	6
Stjórn, starfsfólk og nefndir	7
Skýrsla stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga	8
Verkefni aðildarfélaga BÍL	12
Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins 2020	24
Stjórnarfundir Bandalags íslenskra leikfélaga	25
Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga	29
Menningarstefna Bandalags íslenskra leikfélaga	39
ALLT FYRIR ANDANN	40
Ársreikningur 2019	41
Lög Bandalags íslenskra leikfélaga	49
Kveðja	53
Um okkur	54



## Hugleiðing frá stjórn

Að hafa tilfinningar sem stundum eru ekki í takt við raunveruleikann getur verið snúið. Að þurfa að aðlaga sig boðum, bönum og hættum og vilja vernda sig og aðra. Mars rann upp í ár með sínum fagurleika, vetrarsýnin í sínum fegurstu myndum og farið að stytta í vorið. Leikfélög rétt byrjuð eða að byrja að sýna, búin að vera á kafi í æfingarferli og útbúa verk sín fyrir leiksviðið. En svo kom Covid.

Félögin þurftu að skella í lás og ekkert hægt að gera nema að bíða eftir að boðum og bönum yrði aflétt. Í raun erum við enn að bíða. Hve lengi enn þarf að bíða eða er kannski óhætt að byrja aftur? Mörg leikfélög með tilbúin verk og þurfa ekki að byrja á byrjunarreit en nauðsynlegt samt að æfa upp aftur, fínþússa eitt og annað eftir langt hlé.

Svo kom vor og fyrsta helgin í maí sem er alltaf í mínum huga tilhlökkunarefni. Bæði á ég afmæli þá og svo er Bandalagsþing. Bandalagsþingið, þar sem er svo nærandi að hitta öll hin leikfélögin og bera saman bækur og fara yfir stöðuna. Í ár átti að vera afmælisskemmtun og stuttverkahátíð. Löng helgi með dásamlegu fólki allsstaðar af landinu með sama brennandi áhugann á því að skapa. Athyglisverðasta sýningin í Þjóðleikhúsið valin og kynnt á hátíðarkvöldverði. En ekkert af þessu gerðist. Gríðarlegt svekkelsi og hundfúlt að sitja heima og bíða.

Júni sem er einnig mikil tilhlökkunarmánuður, að fara í Bandalagsskólann aftur að hitta allt þetta dásamlega fólk og skapa saman ógleymanlegar minningar og styrkja böndin. Aftur sat ég heima og enn að bíða. Auðvitað voru samt alls konar tilfinningar búnar að krauma í huganum. Ábyrgðin á því ef einhver smitaðist og allur hópurinn þyrfti í sóttkví. Vil ég vera völd af því að allt þetta fólk þurfi að fara í sóttkví út af mér? Þessi ógn sem Covid er, hún ógnar heilsu og flestu sem ég hlakka til. Ég veit að það kemur annað ár og ég trúi að þá verði enn meira gaman að hitta allt þetta fólk aftur.

Núna var ég að koma af síðbúnu þingi sem haldið var í myflugumynd. Passað upp á fjarlægð og spritt og sápa á sínum stað. Ekkert knús. Ég ók til Akureyrar eftir þingið og megnið af leiðinni heim fannst mér ég vera að gleyma einhverju og fór yfir aftur og aftur hverju í ósköpunum ég hefði getað gleymt, eftir miklar vangaveltur fann ég hverju ég gleymdi en gleymdi samt ekki, ég bara mátti það ekki. Að faðma alla á Bandalagsþinginu bless. Ég hefði ekki trúað því hvað faðmlög skipta miklu máli fyrir mig og trúlega marga aðra líka. Að uppgötva hvað fólkíð í öðrum félögum skiptir mig miklu máli, öll með þessa sömu brennandi sköpunarþrá.

Hverjar eru afleiðingarnar fyrir félögin og Bandalagið, fyrir utan allt þetta tilfinningalega. Jú, það eru þessi blessuðu fjármál sem skipta svo gríðarlega miklu máli til að hlutirnir gangi. Ég vona innilega að þetta eigi eftir að styrkja okkur eða verða einhvernvegin til góðs. Að fólk hafi getað sest niður og skapað í huga eða verki og lært eitthvað af þessu, því mér skilst að þetta sé komið til að vera. Allt eru þetta mínar þælingar og mín sýn á þetta sem ég er enn ekki búin að læra almennilega á tilfinningalega. Ég er jú búin að vera þóssunarsöm á spritt og að umgangast lítið af fólki svo ég tel mig hafa sinnt minni almannavarnaskyldu.

Ég tel það hafið verið okkur hjá Freyvangsleikhúsinu til happs að við vorum að setja upp sýninguna Dagbók Önnu Frank þegar ósköpin dundu yfir. Undirbúningurinn gekk vonum fram og þessi sanna saga hefur kennt mér heilmikið. Að vera innilokaður í tvö ár, komast ekki út, hafa lítið samneyti við aðra og svo auðvitað þessi ógn sem geisar fyrir utan vegg húsins. Ég vildi svo gjarnan breyta endinum svo hann yrði ekki jafn hörmelegur og kom þeirri hugmynd á framfæri oft en fékk ekki að breyta sögunni. Hún er jú byggð á sönnum atburðum. En svo kom Covid ógnin sem allur heimurinn er enn að kljást við. Við urðum að loka og læsa, stökkva frá borði og allir heim. Við gengum frá eins og við gerum eftir hverja sýningarhelgi og vonuðum að þetta tæki ekki langan tíma, en það hefur ekki gengið eftir.

En hafi maður viðmiðið frá dagbókinni, þá hef ég það í raun fínt. Ég á ekki á hættu á að verða drepinn af hermönnum. Ég hef fullt af afþreyingu, ég þarf ekki að hafa hljótt milli klukkan 8 og 18 og hef úrval matar.

Ég veit líka að ef gert verður leikrit um Covid í sinni verstu mynd, þar sem fólk deyr eða allt fer á annan endann í lífi þess, þá á ég örugglega eftir að vilja breyta endinum þar líka. Mikið sem mig langar að faðma alla.



Með bestu kveðjum og rafrænum faðmlögum  
Anna María Hjálmarsdóttir

## Aðildarfélög 2019-2020

*Borgarbörn sf.*

*Freyvangsleikhúsið*

*Halaleikhópurinn*

*Leikdeild UMF Skallagríms*

*Leikfélag Blönduóss*

*Leikfélag Dalvíkur*

*Leikfélag Hafnarfjarðar*

*Leikfélag Hofsóss*

*Leikfélag Hornafjarðar*

*Leikfélag Hólmavíkur*

*Leikfélag Hveragerðis*

*Leikfélag Hörgdæla*

*Leikfélag Keflavíkur*

*Leikfélag Kópavogs*

*Leikfélag Mosfellssveitar*

*Leikfélag Neskaupstaðar*

*Leikfélag Ólafsfjarðar*

*Leikfélag Rangæinga*

*Leikfélag Sauðárkróks*

*Leikfélag Selfoss*

*Leikfélag Seyðisfjarðar*

*Leikfélag Sólheima*

*Leikfélag Vestmannaeyja*

*Leikfélag Ölfus*

*Leikfélagið Borg, félagasamtök*

*Leikfélagið Grímnir*

*Leikfélagið Hugleikur*

*Leikfélagið Órion, félagasamtök*

*Leikfélagið Sýnir*

*Leikflokkur Húnaþings vestra*

*Leikhópurinn Lopi*

*Litli leikklúbburinn*

*Stúdentaleikhúsið*

*Ungmennafélag Biskupstungna*

*Ungmennafélag Reykdæla*

*Ungmennafélagið Dagrenning*

*Ungmennafélagið Efling*

## Stjórn, starfsfólk og nefndir



*Meðstjórnandi  
Anna María Hjálmarsdóttir  
Akureyri*




*Varaformaður  
Ólöf Þórdardóttir  
Reykjanesbæ*



*Formaður  
Guðfinna Gunnarsdóttir  
Selfossi*



*Ritari  
Þráinn Sigvaldason  
Hörgárdal*



*Meðstjórnandi  
Gísli Björn Heimisson  
Reykjavík*



*Varastjórn  
Magnþóra Kristjánsdóttir  
Þorlákshöfn*



*Varastjórn  
Ágúst Þormar Jónsson  
Hólmavík*




*Varastjórn  
Jónheiður Ísleifsdóttir  
Selfossi*



*Varastjórn  
Hanna Margrét  
Kristleifsdóttir  
Reykjavík*



*Varastjórn  
Sigríður Hafsteinsdóttir  
Selfossi*



*Frjáfarandi framkvæmdastjóri  
Vildborg Árný Valgarðsdóttir  
Kópavogi*



*Framkvæmdastjóri  
Hörður Sigurðarson  
Reykjavík*



*Skráning leikríta  
Erla Vilhjámsdóttir  
Reykjavík*



*Skráning leikríta  
Ármann Guðmundsson  
Reykjavík*



*Skólanefnd  
Hrunn Ólafsdóttir  
Reykjavík*




*Skólastýra  
Dýrleif Jónsdóttir  
Reykjavík*



*Skólastýra  
Hrefna Friðriksdóttir  
Reykjavík*



*Skólanefnd  
Herdís Þorgeirsdóttir  
Mosfellsbæ*



*Skólanefnd  
Gísli Björn Heimisson  
Reykjavík*

# Skýrsla stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga

Flutt á aðalfundi í Kópavogi 19. september 2020

## Stjórn

Á starfsárinu skipuðu stjórn þau: Guðfinna Gunnarsdóttir, Selfossi, formaður Ólöf Þórðardóttir, Mosfellsbæ, varaformaður Gísli Björn Heimisson, Reykjavík, ritari Anna María Hjálmsdóttir, Akureyri, meðstjórnandi Þráinn Sigvaldason, Hörgárdal, meðstjórnandi. Í varastjórn sátu: Sigríður Hafsteinsdóttir, Selfossi, Magnþóra Kristjánsdóttir, Þorlákshöfn, Jónheiður Ísleifsdóttir, Selfossi, Hanna Margrét Kristleifsdóttir, Reykjavík og Ágúst Jónsson, Hólmavík.

Framkvæmdastjóri í þjónustumiðstöð er Hörður Sigurðarson Stjórn hélt fjóra starfsfundi á árinu, einn að afloknum aðalfundi á Húsavík og fjóra í þjónustumiðstöð okkar í Reykjavík. Fjarfundarbúnaður var notaður endrum og sinnum með góðum árangri. Einnig hefur fésbókarhópur okkar stjórnarmanna verið nýttur til góðra samskipta árið um kring. Svo var, í ljósi aðstæðna, fundað aukalega með skólanefnd til að ræða stöðuna á skólanum fyrir sumarið 2020. Eru stjórn og framkvæmdastjóra og skólanefndarfolki þökkuað góð samvinna á árinu.

## Starfsemi félaganna

31 aðildarfélag Bandalagsins sendi inn styrkumsóknir fyrir alls 81 leiksýningu og leikþætti, 23 námskeið og 36 skólanemendur fyrir leikárið 2018-2019. Fullur styrkur reyndist vera 361.614 krónur. Ársritið okkar inniheldur síðan allar frekari upplýsingar um starfsemina. Félög í Bandalaginu voru í vor 39 talsins.

## Starfsáætlun

Á síðasta aðalfundi var að venju samþykkt starfsáætlun og og verður nú farið yfir hana og sagt frá hvað gert var til að efna einstaka liði hennar.

Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni. Rekstur þjónustumiðstöðvar er alltaf í járnnum. Reikningar verða kynntir hér á eftir og sýna hvernig staðan er. Sala í verslun hefur verið á niðurleið. Skipt var um vefsvæði fyrir vefinn okkar og hann uppfærður og er vefurinn allur betri í kjölfarið. Um skólann mun fulltrúi skólanefndar fjalla í sinni skýrslu. Er skólanefnd þakkað fyrir frábæra vinnu og samstarf á árinu. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna. Framlag til starfsemi áhugaleikfélaganna er nú 18,5 milj. kr. Til þjónustumiðstöðvarinnar er framlagið 6 milj. kr. á ári samkvæmt samningi, en sú upphæð hækkaði upp í 6,5 milljónir á þessu ári og hækkar upp í 7 milljónir á næsta ári.

Formaður og framkvæmdastjóri fengu langþráðan fund með ráðherra sl. vor. Var það tilfinning okkar að ráðherra væri viljugur til að hækka framlag til þjónustumiðstöðvar. Við lögðum til að árleg upphæð myndi hækka í 9 milljónir, en vorum ekki með miklar væntingar og bentum á að allt hjálpaði til, þó að styrkurinn hækkaði í smáskömmtum.

Halda leiklistarhátíð í tengslum við 70 ára afmæli BÍL árið 2020. Ef allt hefði verið öðruvísi, væri þessi hátíð afstaðin og við ekki stödd hér í september, en við vorum komin með skipulag fyrir hátíð og vorum í samtali við Leikfélag Keflavíkur um stuttverkahátíð og Bandalagsþing. Við stefnum ótrauð á að reyna aftur við þennan viðburð vorið 2021.

## Önnur mál

Uppfærsla Leikfélags Húnaþings á söngleiknum Hárinu var valin Athyglisverðasta áhugaleiksýning leikársins af valnefnd Þjóðleikhússins og var hún sýnd í Þjóðleikhúsinu 14. júní 2019 við góðan orðstír. Í ár var engin sýning valin vegna lokunar. Af erlendum vettvangi: Til stóð að halda NEATA leiklistarhátíð í Eistlandi í september, (um liðna helgi), og var beðið langt fram eftir sumri með að ákveða hvort af yrði eða ekki, en hún var slegin af. Fulltrúar landanna sem heyrta undir NEATA eru í reglulegu sambandi og fjarfunda. Ekki hefur verið ákveðið hvert framhaldið verður, hvort hátíðin frestast um tvö ár eða færast yfir á næsta ár.

Leikárið hefur verið mjög sérstakt svo ekki sé meira sagt. Mörg félög þurftu að hætta að sýna eða náðu ekki að frumsýna og deila sinni frábæru vinnu með áhorfendum. Vonandi horfir það til betri vegar. Við getum að minnsta kosti hist og nú hefur verið gefið grænt ljós á æfingar með snertingu sem gefur okkur byr undir báða vængi. Við þurfum mjög líklega að vinna hlutina með öðrum hætti en vant er á þessu leikári og jafnvel hugsa út fyrir kassann með hvernig við útfærum sýningar og starfið. Verum dugleg að heyrast og hittast. Við hvetjum ykkur til að fylgjast með fréttum á vefnum okkar og vera í sambandi við okkur í stjórninni eða Hörð ef spurningar vakna. Endilega sendið okkur fréttir af starfinu ykkar. Verum dugleg að koma okkar frábæra starfi á framfæri. Látum í okkur heyrast. Leikum núna og svo alltaf meira.





## Skýrsla skólanefndar á aðalfundi BÍL 19. september 2020

Á liðnu starfsári sátu með mér í skólanefnd Dýrleif Jónsdóttir, Herdís Þorgeirsdóttir, Hrunn Ólafsdóttir og Gísli Björn Heimisson. Skólanefndin ber sem fyrr höfuðábyrgð á að skipuleggja starf leiklistarskóla Bandalagsins og fundar reglulega allt árið. Ég nota þetta tækifæri til að þakka kærlega öllu samnefndarfólki mínu og framkvæmdarstjóra BÍL fyrir metnaðarfullt og skemmtilegt samstarf.



Leiklistarskóli Bandalagsins var settur í 23. sinn þann 8. júní 2019 að Reykjum í Hrutafirði. Skólann árið 2019 sóttu alls 46 nemendur. Námskeiðin voru:

1. Leiklist I - kennari Aðalbjörg Árnadóttir.
2. Leikritun II - kennari Árni Kristjánsson.
3. Sérnámskeið fyrir leikara - kennari Rúnar Guðbrandsson.

Þá fengum við góðan hóp höfunda í heimsókn. Niðurstöður viðhorfskönnunar bentu til ánægju með skólastarfið.

Árið 2020 var ráðgert að bjóða upp á fjögur fjölbreytt námskeið:

1. Leiklist II - kennari Hannes Óli Ágústsson.
2. Bak við tjöldin II - kennarar Eva Björg Harðardóttir og Ingvar Guðni Brynjólfsson.
3. Leikstjórn I - kennari Árni Kristjánsson.
4. Sérnámskeið um leikarann sem skapandi listamann - kennari Rúnar Guðbrandsson.

Vegna Covid-19 var tekin sú erfiða ákvörðun að fella niður sumarskólann árið 2020. Stefnt er að því að bjóða ofangreind námskeið í júní 2021.

Rétt er að geta þess að á haustmánuðum 2020 hófst ánægjulegt samstarf við Þjóðleikhúsið um námskeiðahald. Við hlökkum til að segja nánar frá því í skýrslu um yfirstandandi skólaár á næsta aðalfundi.

Segi ég þá lokið skýrslu skólanefndar. Takk fyrir!

**Hrefna Friðriksdóttir**

## Verkefni aðildarfélaga BÍL

### Freyvangsleikhúsið



#### **Dagbók Önnu Frank**

Höfundur: Goodrich, Hackett, Kesselman  
Þýðandi: Ingunn Snædal  
Leikstjóri: Sigurður Líndal  
Þátttakendur: 25  
Sýningafjöldi: 9  
Áhorfendur: 489

#### **Blúndur og blásýra**

Höfundur: Joseph Kesselring  
Þýðandi: Karl Ágúst Úlfsson  
Leikstjóri: Vala Fannell  
Þátttakendur: 25  
Sýningafjöldi: 13  
Áhorfendur: 590

### Halaleikhópurinn

**Leikdagskráin Nú er hann sjöfaldur:**

#### **Gamli vinur**

Höfundur: Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson  
Leikstjóri: Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson  
Þátttakendur: 3  
Sýningafjöldi: 5  
Áhorfendur: 98

### Lokakeppnin

Höfundur: Halldór Magnússon  
Leikstjóri: Guðmundur Lúðvík Þorvarðarson  
Þátttakendur: 5  
Sýningafjöldi: 5  
Áhorfendur: 98

### Hverjir voru hvar

Höfundur: Guðmundur Lúðvík Þorvarðarson  
Leikstjóri: Guðmundur Lúðvík Þorvarðarson  
Þátttakendur: 6  
Sýningafjöldi: 5  
Áhorfendur: 98

### Kaffi og með því

Höfundur: Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson  
Leikstjóri: Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson  
Þátttakendur: 6  
Sýningafjöldi: 3  
Áhorfendur: 98

### Kurteisi

Höfundur: Don Ellione  
Leikstjóri: Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson  
Þátttakendur: 6  
Sýningafjöldi: 5  
Áhorfendur: 98



### **Verkið**

Höfundur: Örn Alexandersson  
Leikstjóri: Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson  
Þátttakendur: 5  
Sýningafjöldi: 5  
Áhorfendur: 98

### **Aftur á svið**

Höfundur: Fríða Bonnie Andersen  
Leikstjóri: Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson  
Þátttakendur: 13  
Sýningafjöldi: 5  
Áhorfendur: 98



### **Leikdeild UMF Skallagríms**

### **Leikdeild UMF Biskupstungna**

#### **Allir á svið**

Höfundur: Michael Frayn  
Þýðandi: Gísli Rúnar Jónsson  
Leikstjóri: Ólafur Jens Sigurðsson  
Þátttakendur: 14  
Sýningafjöldi: 12  
Áhorfendur: 638

#### **Bót og betrun**

Höfundur: Michael Cooney  
Þýðandi: Hörður Sigurðarson  
Leikstjóri: Ármann Guðmundsson  
Þátttakendur: 10  
Sýningafjöldi: 2  
Áhorfendur: 50



## Leikfélag Fjallabyggðar

### *Brek og tár*

Höfundur: Ólafur Haukur Símonarson

Leikstjóri: María Sigurðardóttir

Þátttakendur: 40

Sýningafjöldi: 3

Áhorfendur: 210



## Leikfélag Fljótshálsa

### *Lína Langsokkur*

Höfundur: Astrid Lindgren

Þýðandi: Þórarinn Eldjárn

Leikstjóri: Jól Sæmundsson

Þátttakendur: 25

Sýningafjöldi: 10

Áhorfendur: 1067

## Leikfélag Hafnarfjarðar

### *Laug viskunnar*

Höfundur: Stefán H. Jóhannesson

Leikstjóri: Björgúlfur Egill Pálsson

Þátttakendur: 2

Sýningafjöldi: 1

Áhorfendur: 3

### *Samhæfing*

Höfundur: Gísli Björn Heimisson

Leikstjóri: Stefán H. Jóhannesson

Þátttakendur: 3

Sýningafjöldi: 1

Áhorfendur: 30

### *H-b-M-S*

Höfundur: Sigrún Tryggvadóttir

Leikstjóri: Gísli Björn Heimisson

Þátttakendur: 3

Sýningafjöldi: 1

Áhorfendur: 20

### *Biðstofublús*

Höfundur: Ólafur Þ. Þórðarson

Leikstjóri: Ársæll Hjálmarsson

Þátttakendur: 3

Sýningafjöldi: 1

Áhorfendur: 30





### ***Hann er góður kaffibollinn***

Höfundur: Ólafur Þ. Þórðarson  
Leikstjóri: Ólafur Þ. Þórðarson  
Þátttakendur: 3  
Sýningafjöldi: 1  
Áhorfendur: 30

### ***Úlfarnir***

Höfundur: Halldór Magnússon  
Leikstjóri: Ólafur Þ. Þórðarson  
Þátttakendur: 3  
Sýningafjöldi: 1  
Áhorfendur: 20

### ***Farartálmi***

Höfundur: Ingveldur Lára Þórðardóttir  
Leikstjóri: Ársæll Hjálmarsson  
Þátttakendur: 3  
Sýningafjöldi: 1  
Áhorfendur: 20

### ***Rónaleg***

Höfundur: Oddfreyja H. Oddfreysdóttir  
Leikstjóri: Ólafur Þ. Þórðarson  
Þátttakendur: 1  
Sýningafjöldi: 1  
Áhorfendur: 20

### ***Innan fjögurra veggja***

Höfundur: Ársæll Hjálmarsson  
Leikstjóri: Stefán H. Jóhannesson  
Þátttakendur: 2  
Sýningafjöldi: 1  
Áhorfendur: 30

### ***Sjúkrahússögur***

Höfundur: Ólafur Þ. Þórðarson  
Leikstjóri: Ólafur Þ. Þórðarson  
Þátttakendur: 3  
Sýningafjöldi: 1  
Áhorfendur: 20

### ***Tvær konur í kaffi***

Höfundur: Ólafur Þ. Þórðarson  
Leikstjóri: Gísli Björn Heimisson  
Þátttakendur: 3  
Sýningafjöldi: 1  
Áhorfendur: 20

### ***12. hæð til hægri, íbúð 2a – gluggi með sögu***

Höfundur: Steinunn Þorsteinsdóttir  
Leikstjóri: Ólafur Þ. Þórðarson  
Þátttakendur: 3  
Sýningafjöldi: 1  
Áhorfendur: 20

### ***Ást er fjögurra stafa orð***

Höfundur: Gísli Björn Heimisson  
Leikstjóri: Stefán H. Jóhannesson  
Þátttakendur: 3  
Sýningafjöldi: 1  
Áhorfendur: 20

### ***Leiðindi***

Höfundur: Oddfreyja H. Oddfreysdóttir  
Leikstjóri: Stefán H. Jóhannesson  
Þátttakendur: 2  
Sýningafjöldi: 1  
Áhorfendur: 20

### ***Koríanderrækt í janúar***

Höfundur: Helena Margrét Friðriksdóttir  
Leikstjóri: Ólafur Þ. Þórðarson  
Þátttakendur: 4  
Sýningafjöldi: 1  
Áhorfendur: 20

### ***Sannir vinir***

Höfundur: Jóhann Rúnar Guðmundsson  
Leikstjóri: Gísli Björn Heimisson  
Þátttakendur: 2  
Sýningafjöldi: 1  
Áhorfendur: 20

### ***Fásinnið og tískudrottningin***

Höfundur: Reynir Friðriksson  
Leikstjóri: Ólafur Þ. Þórðarson  
Þátttakendur: 3  
Sýningafjöldi: 1  
Áhorfendur: 20

### ***Matarkexið***

Höfundur: Oddfreyja H. Oddfreysdóttir  
Leikstjóri: Ingveldur Lára Þórðardóttir  
Þátttakendur: 3  
Sýningafjöldi: 1  
Áhorfendur: 20

### ***Á tveimur spretthörðum***

Höfundur: Stefán H. Jóhannesson  
Leikstjóri: Ólafur Þ. Þórðarson  
Þátttakendur: 5  
Sýningafjöldi: 1  
Áhorfendur: 1300

### ***Þetta á aldrei eftir að ganga***

Höfundur: Reynir Friðriksson  
Leikstjóri: Sigrún Tryggvadóttir  
Þátttakendur: 5  
Sýningafjöldi: 1  
Áhorfendur: 1200

### ***Það er bara svona ...***

Höfundur: Steinunn Þorsteinsdóttir  
Leikstjóri: Ingveldur Lára Þórðardóttir  
Þátttakendur: 5  
Sýningafjöldi: 1  
Áhorfendur: 890

### ***Míníklíník***

Höfundur: Ingveldur Lára Þórðardóttir  
Leikstjóri: Ólafur Þ. Þórðarson  
Þátttakendur: 5  
Sýningafjöldi: 1  
Áhorfendur: 1800

## Leikfélag Hólmavíkur

### *Stella í orlofi*

Höfundur: Guðný Halldórsdóttir  
Leikstjóri: Gunnar Gunnsteinsson  
Þátttakendur: 35  
Sýningafjöldi: 2  
Áhorfendur: 50



### *Saumastofan*

Höfundur: Kjartan Ragnarsson  
Leikstjóri: Skúli Gautason  
Þátttakendur: 20  
Sýningafjöldi: 6  
Áhorfendur: 50



## Leikfélagið Hugleikur

### *Gestagangur*

Höfundur: Þórunn Guðmundsdóttir  
Leikstjóri: Þorgeir Tryggvason  
Þátttakendur: 26  
Sýningafjöldi: 11  
Áhorfendur: 567



## Leikfélag Húsavíkur

### *Litla Hryllingsbúðin*

Höfundur: Howard Ashman  
Þýðandi: Magnús Þór Jónsson  
Þátttakendur: Gísli Rúnar Jónsson  
Leikstjóri: Vala Fannell  
Þátttakendur: 54  
Sýningafjöldi: 15  
Áhorfendur: 1356

## Leikfélag Hörgdæla

### *Gauragangur*

Höfundur: Ólafur Haukur Símonarson  
Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson  
Þátttakendur: 25  
Sýningafjöldi: 12  
Áhorfendur: 767





## Leikfélag Húnaþings vestra

### *Skógarlíf*

Höfundur: Rudyard Kipling  
Þýðandi: Sigurður Líndal Þórisson  
Leikstjóri: Greta Clough  
Þátttakendur: 19  
Sýningafjöldi: 3  
Áhorfendur: 235

## Leikfélag Hveragerðis

### *Þjóðsaga til næsta bæjar*

Höfundur: Örn Árnason  
Leikstjóri: Örn Árnason  
Þátttakendur: 22  
Sýningafjöldi: 11  
Áhorfendur: 671

v



## Leikfélag Keflavíkur

### *Fló á skinni*

Höfundur: Georges Feydeau  
Þýðandi: Gísli Rúnar Jónsson  
Leikstjóri: Karl Ágúst Úlfsson  
Þátttakendur: 15  
Sýningafjöldi: 11  
Áhorfendur: 935



### *Benedikt Búálfur*

Höfundur: Ólafur Gunnar Guðlaugsson  
Leikstjóri: Ingrid Jónsdóttir  
Þátttakendur: 12  
Sýningafjöldi: 8  
Áhorfendur: 860

## Leikfélag Kópavogs

### *Komið og farið*

Höfundur: Samuel Beckett  
Þýðandi: Árni Ibsen  
Leikstjóri: Hörður Sigurðarson  
Þátttakendur: 3  
Sýningafjöldi: 2  
Áhorfendur: 115

### *Um það sem skiptir máli*

Höfundur: Jeannie Webb  
Þýðandi: Sigrún Tryggvadóttir  
Leikstjóri: Sigrún Tryggvadóttir  
Þátttakendur: 2  
Sýningafjöldi: 2  
Áhorfendur: 115

### *Á sama bekk*

Höfundur: Sævar Sigurgeirsson  
Leikstjóri: Hörður Sigurðarson  
Þátttakendur: 2  
Sýningafjöldi: 2  
Áhorfendur: 115

### *Fjallið*

Höfundur: Örn Alexandersson  
Leikstjóri: Örn Alexandersson og Sigrún Tryggvadóttir  
Þátttakendur: 23  
Sýningafjöldi: 4  
Áhorfendur: 250



## Leikfélag Mosfellssveitar

### *Make kynfræðsla great again*

Höfundur: Elísabet Skagfjörð, Aron Martin Ásgerðarson og leikhópurinn

Leikstjóri: Elísabet Skagfjörð og Aron Martin Ásgerðarson

Þátttakendur: 15

Sýningafjöldi: 3

Áhorfendur: 150



### *Bylur*

Höfundur: María Guðmundsdóttir og Sigrún Harðardóttir

Leikstjóri: Sigrún Harðardóttir og Agnes Wild

Þátttakendur: 39

Sýningafjöldi: 6

Áhorfendur: 410

### *Jólin hennar ömmu*

Höfundur: Agnes Wild

Leikstjóri: Agnes Wild og Eva Björg Harðardóttir

Þátttakendur: 10

Sýningafjöldi: 2

Áhorfendur: 85

## Leikfélag Norðfjarðar

### *Óparfa Offarsi*

Höfundur: Paul Slade Smith

Þýðandi: Hörður Sigurðarsson

Leikstjóri: Björgúlfur Egill Pálsson

Þátttakendur: 20

Sýningafjöldi: 6

Áhorfendur: 236



## Leikfélagið Óríon

### *Ó, fagra veröld*

Höfundur: Anthony Neilson

Þýðandi: Þórarinn Eldjárn

Leikstjóri: Anna Íris Pétursdóttir

Þátttakendur: 15

Sýningafjöldi: 5

Áhorfendur: 132



## Leikfélag Sauðárkróks

### *Lína Langsokkur*



Höfundur: Astrid Lindgren

Þýðandi: Þórarinn Eldjárn

Leikstjóri: Pétur Guðjónsson

Þátttakendur: 35

Sýningafjöldi: 13

Áhorfendur: 948

## Leikfélag Selfoss



### **Brúðkaup aldarinnar**

Höfundur: Viktor Ingi Jónsson  
Leikstjóri: Jónheiður Ísleifsdóttir  
Þátttakendur: 3  
Sýningafjöldi: 1  
Áhorfendur: 49

### **Nærbuxur**

Höfundur: Halldóra Ósk Öfjörð og Freydis Leifsdóttir  
Leikstjóri: Halldóra Ósk Öfjörður  
Þátttakendur: 3  
Sýningafjöldi: 1  
Áhorfendur: 49

### **Fiskar ganga ekki í skóm**

Höfundur: Jón Özur Snorrason  
Leikstjóri: Jónheiður Ísleifsdóttir  
Þátttakendur: 3  
Sýningafjöldi: 1  
Áhorfendur: 49

### **Fræ sem frjóvga myrkrið**

Höfundur: Halldóra Ósk Öfjörð  
Leikstjóri: Halldóra Ósk Öfjörð  
Þátttakendur: 4  
Sýningafjöldi: 1  
Áhorfendur: 49

### **Djöflaeyjan**

Höfundur: Rúnar Guðbrandsson og leikhópurinn  
Leikstjóri: Rúnar Guðbrandsson  
Þátttakendur: 47  
Sýningafjöldi: 3  
Áhorfendur: 172

## Leikfélag Vestmannaeyja

### **Lína Langsokkur**

Höfundur: Astrid Lindgren  
Þýðandi: Þórarinn Eldjárn  
Leikstjóri: Ólafur Jens Sigurðsson  
Þátttakendur: 30  
Sýningafjöldi: 11  
Áhorfendur: 1044



## Leikfélag Ölfuss

### *Kleinur*

Höfundur: Þórunn Guðmundsdóttir

Leikstjóri: Árný Leifsdóttir

Þátttakendur: 15

Sýningafjöldi: 6

Áhorfendur: 200



## Stúdentaleikhúsið

### *Heimsendir*

Höfundur: Aron Martin Ásgerðarson

Leikstjóri: Aron Martin Ásgerðarson

Þátttakendur: 10

Sýningafjöldi: 4

Áhorfendur: 144



## Skagaleikflokkurinn

### *Litla Hryllingsbúðin*

Höfundur: Howard Ashman & Alan Menken

Þýðandi: Gísli Rúnar Jónsson

Þátttakendur: Magnús Þór Jónsson

Leikstjóri: Valgeir Skagfjörð

Þátttakendur: 54

Sýningafjöldi: 8

Áhorfendur: 1723





## Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins 2020

Vegna þeirra erfiðu aðstæðna sem Covid-19 og samkomubann sköpuðu, sá Þjóðleikhúsið sig tilknúið að fella valið á Athyglisverðustu áhugaleiksýningu ársins niður í ár. Óvissa ríkti um allt skipulag í leikhúsinu síðastliðið vor þegar valið átti að fara fram auk þess sem mörgum fyrirhuguðum leiksýningum aðildarfélaga BÍL hafði þá þegar verið frestað fram á haust.

Valið var því fellt niður á þessu leikári, en eins og sagði í skilaboðum frá Þjóðleikhúsinu:

“... við tökum ótrauð upp þráðinn að nýju á næsta leikári!”



*Hárið í flutningi Leikflokks Húnaþings vestra  
Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins 2019*

# Stjórnarfundir Bandalags íslenskra leikfélaga

## Stjórnarfundur: 05/05/2019 kl. 10:00

Staður: Fosshótel Húsavík

### Fundarmenn:

Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf Þórðardóttir, Gísli Björn Heimisson, Hörður Sigurðarson, frkv.stj., Anna María Hjálmarsdóttir, Magnþóra Kristjánsdóttir, Ágúst Jónsson, Hanna Margrét Kristleifsdóttir

Nýir stjórnarmenn boðnir velkomnir.

Verkaskipting aðalstjórnar:

Varaformaður Ólöf. Gísli Björn ritari.

Tími úthlutunarfundar 29. júní kl. 11.00.

Frkv.stj. sendir stjórn gögn fyrir úthlutun.

Skil á umsóknum er 10. júní.

Fleira ekki gert.

Fundargerð ritaði Hörður

---

## Stjórnarfundur: 29/06/2019 kl. 11:00

Staður: Kleppsmýrarvegur 8

### Fundarmenn:

Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf Þórðardóttir, Gísli Björn Heimisson, Hörður Sigurðarson, frkv.stj., Anna María Hjálmarsdóttir, Magnþóra Kristjánsdóttir, Jónheiður Ísleifsdóttir

### Fundargerð:

Guðfinna sagði frá fundinum með Lilju ráðherra. Við komum því á framfæri að við þurfum 9 milljónir til að halda sjó. Virtist koma ráðherra á óvart að ekki væri nein hækkun á döfni hjá okkur. Miðað við óbreytt samningsdrög munum við ekki hafa fengið neina hækkun í sex ár í lok samnings. Við þurfum að sækja um í skúffusjóð ráðherra fyrir haustið. Við gerum okkur vonir um að einhver hækkun komi inn á samningstímanum.

Drög að samningi. Hörður gerir tillögu að

breytingum og setur inn á Facebook hópinn.

Fjárhagsstaðan er erfið. Lítur út fyrir sjóðspurrð í enda mánaðarins.

Erindi Leikfélags Sauðárkróks. Þau spyrja hvort möguleiki sé á að finna aðra dagsetningu fyrir aðalfund. Þau hafa ekki komið á aðalfund í mörg ár þar sem hann rekst alltaf á við Sæluvíku. Stjórn sýnir erindinu skilning en rökin fyrir tímasetningunni eru mörg t.d. að gistikostnaður fer hækkandi eftir því sem nær dregur sumri. Stjórn samþykkir að taka málið til umræðu á næsta aðalfundi Bandalagsins.

Einnig spyr LS hvort hægt sé að lengja frest vegna Athyglisverðustu áhugaleiksýningarinnar. Sú tímasetning er hinsvegar alfarið á hendi Þjóðleikhússins.

### Úthlutun:

Niðurstöður úthlutunar:

Alls bárust umsóknir frá 31 félagi vegna 81 leiksýningar og leikþátta, 27 námskeiða og 36 nemenda í Leiklistarskóla Bandalags ísl. leikfélaga.

Niðurstaða úthlutunar er að styrkur fyrir leiksýningu 80 mín. eða lengri er 361.614 kr. Styrkur á mínútu er 4.520 kr. Frumflutningsálag (30%) er 108.484 kr. og álag fyrir sérstakt frumkvæði (20%) er 72.323 kr. Styrkur er veittur vegna 79 leiksýninga- og þátta, 18 námskeiða og 36 nemenda í Leiklistarskóla Bandalags ísl. leikfélaga. Frumflutt verk voru 40 talsins. 10 verk fengu frumkvæðisálag.

Leikfélag Sólheima – Frumkvæðisstyrkur Fyrir Leitina að sumrinu samþykktur vegna frumsaminnar tónlistar.

Leikfélag Sauðárkróks – Frumkvæðisstyrkur fyrir Fylgd samþykktur vegna frumsaminnar tónlistar.

Leikfélag Selfoss – Frumkvæðisstyrkur fyrir Á vit ævintýranna samþykktur vegna frumsaminnar tónlistar.

Leikflokkur Húnaþings vestra – Frumkvæðisstyrkur fyrir Hárið samþykktur vegna vals Þjóðleikhússins á sýningunni sem Athyglisverðustu áhugaleiksýningu ársins.

Leikfélag Hólmavíkur – Frumkvæðisstyrk fyrir Strandanornir hafnað.

Hugleikur – Frumkvæðisstyrkur fyrir Barinn, Auði, Þögning er góð, Leigjendurna, Gilitrutt, Ár og öld samþykktur vegna frumsaminnar tónlistar. Frumkvæðisstyrk vegna Hringrásar,

Veðurs, Anda og efnisbanda, AMOC, Sláturgerðar, Hnyklavalda, Fyrir ykkur, Stjórnlauss ævintýris, Hvað gerðist í Hamborg, 1. 2. 3. og 4. hluta hafnað.

Leikfélagið Grímnir – Frumkvæðisstyrk fyrir Blóðsystur hafnað.

Rætt lauslega um skólann í sumar

Staðan varðandi næsta aðalfund kynnt. Ólöf er að vinna í að fá mál á hreint með Leikfélagi Keflavíkur.

Önnur mál:

Framkvæmdastjóri skýrði frá fyrirhuguðum fríðögum í sumar. Samþykkt að breyta föstum opnunartíma í sumar í 9.00-12.00.

Fundargerð ritaði: Hörður

---

Stjórnarfundur: 02/11/2019 kl. 11:00

Staður: Þjónustumiðstöð

Fundarmenn:

Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf Þórðardóttir, Gísli Björn Heimisson, Sigríður Hafsteinsdóttir, Hörður Sigurðarson, frkv.stj., Anna María Hjálmarsdóttir, Hanna Margrét Kristleifsdóttir, Jónheiður Ísleifsdóttir

Ný sviðslistalög.

Erindi frá leikstjórufélaginu sem spyr hvort við séum ekki örugglega á því að fara fram á að úthlutun verði enn í okkar höndum. Þurfum að senda inn ítrekun á athugasemdum okkar. Framkv.stj. tekur saman og sendir stjórn til umsagnar.

Aðalfundur og leiklistarhátíð 2020

Enn verið að skoða staðsetningu. Leikfélag Selfoss er tilbúið að sjá um viðburðinn. Aðrir valkostir eru Hveragerði og Leikf. Keflavíkur hefur ekki enn sagt þvert nei. Ólöf er að skoða ýmsa möguleika í Reykjanesbæ og einnig Hótel Glym. Ólöf kannar áfram.

Leiklistarskólinn – skýrsla frá fundi skólanefndar kynnt. Skólinn verður haldinn 13. -21 júní á næsta ári.

Fjárhagsstaðan. Staðan sennilega ekki verri en í fyrra en auðvitað allt í járnum eins og venjulega. Sala í verslun frá áramótum er um 2.2. millj. en var 2.8 á sama tíma á síðasta ári.

Fósturfélögin. Upp og ofan hvort stjórnarmenn hafa talað við fósturfélög. Stjórnarmenn munu leggjast í símtöl á næstunni.

Hörður sendi póst á Arnfríði hjá M.málaráðuneytinu vegna rekstrarsamnings 21. okt. Ekkert svar hefur borist. Fr.kv.stjóri fylgir eftir með símtali eftir helgi.

Ólöf stakk upp á að í næsta félagapósti minnst fr.kv. stjóri á afslátt milli félaganna á sýningar.

Leiklistarhátíð rædd. Þurfum að festa kröfur t.d. um tímalengd. Stungið upp á að hafa tímarammann 10-25 mín.

Fleira ekki gert. Fundargerð ritaði Hörður.

---

Stjórnarfundur: 28/03/2020 kl. 11:00 Staður: Kleppsmýrarvegi 8

Fundarmenn:

Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf Þórðardóttir, Þráinn Sigvaldason, Gísli Björn Heimisson, Sigríður Hafsteinsdóttir, Hörður Sigurðarson, frkv.stj., Anna María Hjálmarsdóttir, Magnþóra Kristjánsdóttir, Ágúst Jónsson, Hanna Margrét Kristleifsdóttir, Jónheiður Ísleifsdóttir

Aðalfundur

– Frestun og ný staðsetning. Haldinn helgina 18.-20. sept. í Reykjavík. Stjórnarmenn hafa samband við fósturfélög og heyra í þeim með aðalfundinn.

– Ársreikningur. Verður væntanlega tilbúinn eftir helgina.

– Stjórnarkjör – framboð og eftirspurn. Ólöf, Þráinn og Anna María eru að ljúka setu. Magnþóra og Sigríður í varastjórn.

Leiklistarhátíð – sérverkefni á starfsáætlun. Henni verður frestað a.m.k. til vors 2021.

Leiklistarskólinn. Skráning hefur gengið vel. 45 skráðir núna. Þurfum að ná að lágmarki 8 á Tjöldin frá og þá er fullskipað á öll námskeið. Skólanefnd mun hittast upp úr miðjum apríl og tekur stöðuna varðandi veirumálin.

Leiklistarvefurinn – Flutningur og uppfærsla. Tók langan tíma og var erfitt en ánægjulegt að því sé lokið.

Styrkumsóknir og úthlutunarfundur. Fundur verður haldinn 27. júní.

Athyglisverðasta áhugaleiksýningin. Hörður heyrir í Þjóðleikhúsinu með þau mál.

NEATA 2020. Haldinn í Eistlandi 10.-13. september. Við þurfum að huga að því að finna sýningu sem gæti verið fulltrúi okkar á hátíðinni. Önnur mál engin.

Fundi slitið kl 12:03.

Fundargerð ritaði Hörður.

Stjórnarfundur: 27/06/2020 kl. 11:00

Staður: Kleppsmýrarvegur 8

Fundarmenn:

Guðfinna Gunnarsdóttir, Gísli Björn Heimisson, Sigríður Hafsteinsdóttir, Hörður Sigurðarson, frkv.stj., Anna María Hjálmarsdóttir, Ágúst Jónsson, Hanna Margrét Kristleifsdóttir

Úthlutun – sérstakt frumkvæði

Leikfélag Hveragerðis – Þjóðsaga til næsta bæjar – frumkvæði hafnað

Hugleikur – Gestagangur – frumkvæði samþykkt

Leikfélag Hafnarfjarðar – Hið fordæmalaus – frumkvæði samþykkt (ekki sýningarnar sem slíkar)

Leikfélag Selfoss – Djöflaeyjan – Frumkvæði samþykkt

Leikfélag Hólmavíkur – Stella í orlofi – Frumkvæði hafnað

Leikfélag Keflavíkur – Fló á skinni – Frumkvæði hafnað

Leikfélag Keflavíkur – Benedikt Búálfur – Frumkvæði hafnað

Sýningar sem ekki tókst að taka upp vegna Covid-19. Bót og Betrun hjá Leikdeild U.M.F. Skallagríms og Stella í orlofi hjá Leikfélagi Hólmavíkur. Gengið er út frá að félögin sendi upptökur af sýningunum í haust.

24 leikfélög sóttu um fyrir 63 leiksýningar og leikþætti. Mælt er með styrk fyrir 58 af þeim. Styrkur fyrir sýningu í fullri lengd, án álags er: 502.042 kr.

Veittur er styrkur fyrir 18 styttri og 11 lengri námskeið. Veittur er styrkur fyrir 31 nemanda í Leiklistarskóla BÍL.

Guðfinna, vegna foræmalausra aðstæðna og að fresta þurfti aðalfundi fram á haust þá leggur hún til að af styrk verði tekin 1.750 þúsund til reksturs bandalagsins. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Árgjald – Ákveðið var að árgjald haldist óbreytt fram að aðalfundi. Ef aðalfundur samþykkir hækkun á styrk afturvirk, verður það rúkað

sérstaklega.

Fjármál Bandalagsins – Hörður nefnir að það sé tvennt sem hægt sé að gera til að minnka kostnað skrifstofunnar.

Segja upp ljósritunarvél samningi (ráð væri að hafa samband við Félag leikskálda og fá þeirra viðhorf).

Segja upp Securitas samningi (búið að gera). Samið var við Öryggismiðstöðina.

Báðar tillögur voru samþykktar

Skólagjöld í bandalagsskólann, nemendum var gefinn kostur að skilja eftir 15 þús. krónur af námskeiðsgjaldi til að tryggja skólavist á næsta ári.

Aðalfundur – staður og stund. 1 dagur frekar en 2 dagar. Stuttur fundur, mögulega í Kópavogi. Fundur haldinn þann 19. september og kláraður á einum degi. Mögulega bjóða upp á rafrænan samskiptamáta fyrir þá sem ekki eiga heimangengt (Zoom).

Leiklistarskóli BÍL – skólanefnd lagði til við stjórn að skólinn myndi vera frestað vegna Covid-19 þetta árið. Stjórn samþykkti þetta.

Bókaðar eru þakkir til skólanefndar fyrir árverkni og góð vinnubrögð í þessum fordæmalausum aðstæðum.

NEATA/IATA – Leiklistarhátíð í Eistlandi 13-16 september. NEATA Fundur er haldinn á sama tíma. Vangaveltur hvort Guðfinna fari, en hún sér ekki fram á að geta farið, vegna þess að hún er að fara að kenna á sama tíma og geti ekki verið í tvær vikur í sóttkví ef smit kæmi upp. Hún lagði til að Hörður fari, hann er til í það.

Önnur mál.

Trúnaðarmál var rætt.

Ákveðið að vinna að verklagi til að bregðast við vegna ábendinga um ofbeldi.

Fundi slitið 14.55

Fundargerð ritaði Gísli Björn.



# Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga

Haldinn í Kópavogi 19. september 2020

## Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga 2020 - 70. fundur

1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmæti fundarins kannað.

Guðfinna Gunnarsdóttir formaður BÍL, stígur í pontu og setur fund við þessar sérstöku aðstæður.

Stungið er upp á Vilborgu Valgarðsdóttur og Önnu Margréti Pálksdóttur sem fundarstjórum og Jónheiði Ísleifsdóttur og Gísli Birni Heimissyni sem fundarriturum og það samþykkt með lófataki.

Guðfinna þakkar Leikfélagi Kópavogs fyrir að skapa sóttþreinsað umhverfi fyrir okkur og hýsa fundinn.

Vilborg fundarstjóri stígur í pontu og býður alla velkomna.

2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.

Dýrleif stígur í pontu og tilkynnir að það séu 11 atvæði í húsi, 1 kemur seint.

Búið er að kanna lögmæti fundar og hann er löglegur.

3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.

Sigríður Hafsteinsdóttir stígur í pontu og les menningarstefnu Bandalagsins.

4. Staðfest inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.

Hörður stígur í pontu og fer yfir ný félög og félög tekin af skrá. 39 félög greiddu árgjald í fyrra.

Leikdeild Ungmennafélags Stafholtstungna gekk úr Bandalaginu á síðasta ári. Engar aðrar breytingar.

5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.

Aðalfundargerð síðasta aðalfundar er borinn upp til atvæða af Vilborgu og er hún samþykkt með öllum atkvæðum.

Vilborg stingur upp á því að fundarmenn kynni sig.

Farið er hringinn og allir kynna sig með nafni, leikfélagi og störfum fyrir Bandalagið.

6. Skýrsla stjórnar.

Guðfinna stígur í pontu.

Hörður stígur í pontu og kynnir hvar gögn aðalfundar eru aðgengileg á vefnum. Hægt er að nálgast skýrslu stjórnar þar. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á Hörð.

Guðfinna les skýrslu stjórnar. ([Sjá skýrsluna á bls. 8.](#))

Vilborg þakkar Guðfinnu og býður Ágúst P. Jónsson frá Leikfélagi Hólmavíkur velkominn, þannig að kjörbréfin eru orði 12.

7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.

Vilborg býður Hörð velkominn í pontu til að kynna reikninga Bandalagsins.

Í stuttu máli er niðurstaðan sú að rekstur endaði í tæplega 1,4 milljóna króna tapi. Það skýrist að mestu að því að hluta ársins voru tveir starfsmenn á meðan Hörður var að taka við af Vilborgu.

Leiklistarskólinn stóð undir sér eins og venjulega og önnur gjöld og tekjur voru svipuð og síðustu ár.

8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.

Vilborg stígur í pontu og opnar fyrir umræður og spurningar um skýrslu stjórnar og reikninga.

Ingveldur spyr um dagpeninga kostnað - er þetta venjulegt og í hvað fer þessi peningur?

Engar fleiri spurningar.

Hörður stígur í pontu og útskýrir að hluti af launum framkvæmdastjóra er greiddur sem dagpeningar til að hífa laun framkvæmdastjóra aðeins upp. Þetta hefur verið gert í yfir 20 ár.

Vilborg stígur í pontu og biður um leyfi til að færa lið 13 fram í dagskrá fundar þannig að Hrefna Friðriksdóttir nái að kynna drög að verklagsreglum sem henni var falið að semja fyrir Bandalagið.

Hörður stingur upp á við tókum kaffihlé áður en við höldum áfram þar sem sá liður gæti dregist og það er samþykkt.

*Kaffihlé*

Vilborg stígur í pontu og ber reikninga upp til samþykktar. Reikningar samþykktir með öllum atkvæðum.

Hún býður Hrefnu í pontu.

13. Tillögur lagaðar fyrir fundinn

Hrefna Friðriksdóttir stígur í pontu og leggur fyrir fundinn verklagsreglur um viðbrögð við kynbundinni- og kynferðislegri áreitni og ofbeldi.

Hrefna talar um að það sé sérstök þörf á því í leiklistarstarfi að ræða þessa hluti, bæði vegna nándar og valdaójafnvægis. Fólk er oft blint fyrir því að þeirra hegðun hafi áhrif á aðra sem gætu átt erfitt með að tjá sig um það þegar farið er yfir mörk.

Hrefna útskýrir muninn á kynbundinni og kynferðislegri áreitni.

Í þessum reglum er lagt til að Bandalagið setji sér reglur um sína starfsemi. Verið er að móta farveg um hvert fólk getur leitað ef því finnst á sér brotið og hvernig verður brugðist við því.

Td. að bjóða bortapola forgang að þátttöku í Leiklistarskóla Bandalagsins eða annarri þátttöku í starfi og að hægt sé að útiloka þátttöku fólks ef það er metið þannig að öðrum stafi af því ógn.

Þessar reglur gilda um Bandalagið en Hrefna hvetur leikfélögin einnig til að setja sér sínar reglur, sérstaklega þegar starfað er með börnum.

Gott að hafa mjög skýrt til hverra er hægt að leita og að það séu ekki fleiri en tveir og að þeir gæti nafnleyndar.

Hrefna býður upp á spurningar.

Ólöf Þórðardóttir þakkar fyrir góðar reglur og spyr hvort Hrefna væri til að aðstoða þau félög sem vilja móta sér svona reglur.

Hrefna segist vera til í að hjálpa með almenna þætti.

Guðfinna spyr hvort íþróttahreyfingin sé ekki búin að móta sér reglur sem hægt er að nýta sér í vinnu við að semja reglur.

Hrefna bendir á Æskulýðs vettvanginn vefsíða - þar eru til reglur um einelti og mögulega reglur gegn kynferðisofbeldi.

Hrefna minnst á að þær reglur sem hún hefur lagt fram taki ekki á einelti, heldur hafi verið ákveðið að fókusa á þá þætti sem þóttu líklegri í leiklistarstarfi með fullorðnum þar sem starf Bandalagsins yfirleitt ekki til barna.

Sigurlaug talar um að gott sé að hafa svona reglur því það hafa komið upp svona mál þar sem hefur þurft að útiloka fólk frá starfsemi leikfélagsins.

Hrefna talar um að það gæti verið gott að fá einhvern til að tala við okkur um æskilega og óæskilega hegðun í leiklistarstarfi t.d. á næsta aðalfundi Bandalagsins.

Ólöf talar um að það séu góð plögg á Æskulýðsvettvangs vefnum sem væri gott að nýta sér.

Guðfinna talar um að gott sé að hafa skrifleg viðmið um hegðun í starfi og ræða mörk í byrjun starfs og gefa fólki möguleikann á því að setja mörk um snertingar og fleira. Það hafi t.d. verið gert á námskeiði sem hún sótti í LHÍ í sumar og þar hafi einnig verið reglur hangandi við hverja stofu.

Hrefna tala um að við þurfum að finna leiðir til að halda áfram skapandi og ögrandi starfi en að halda virðingu. Með því að leyfa alltaf sumum að haga sér á ákveðin hátt getum við verið að þagga niður í öðrum.

Gísli spyr hvort það væri ekki gott að deila tillögum að verklagsreglum þannig að félögin þurfi ekki öll að byrja frá byrjun. Bandalagið gæti haft milligöngu um slíkt.

Hrefna talar um að hvert og eitt félag þurfi að taka ábyrgð á sínum reglum og ekki bara afrita reglur beint frá öðrum. Samtalið innan félags er mikilvægt.

Þórarinn frá Hugleik minnst á að það sé kostur að það séu fáir sem koma að svona málum þá sé mögulega ekki reynsla til að taka á svona málum í stjórn allra félaga. Stingur hann upp á að það sé til banki af "sögum" af atvikum og hvernig var tekið á þeim.

Hrefna talar um að hægt sé að ræða þessi mál í stjórn án þess að minnst á nákvæmlega hvað gerðist og um hverja ræðir. Það þarf alltaf að gæta að persónuvernd.

Það gæti verið kostur að hafa atvik sem búið er að hreinsa af öllum persónuupplýsingum.

Guðríður minnst á að einelti geti verið mjög alvarlegt og haft mikil áhrif þannig að það þyrfti að vera með, sérstaklega í starfi með börnum.

Hrefna talar um að þessi útfærsla miðist að leiklistarstarfi og að Bandalagið sé með starfsemi fyrir fullorðna.

Það er möguleik að bæta því við en meiri viðkvæmni fyrir þeim málaflokkum sem reglurnar sem lagaðar eru fram núna ná yfir.

Gerður spyr Hrefnu hvort svona mál séu líklegri til að koma upp í leiklistarskólanum heldur en einelti.

Hrefna segir að já hún haldi að það séu meiri líkur á svona málum en eineltismálum en bætir við að skólastarfið í leiklistarskólanum hefi einkennst af samkennd og kærleika. Hún bætir við að við höfum samt verið blind fyrir því hvernig við umgöngumst mörk og samþykki og við þurfum að vera mjög meðvituð um að margir hafa látið hluti yfir sig ganga þegar það skapast svona mikil nánd eins og í skólastarfinu okkar.

Það hafa komið upp atvik í skólanum sem hefur þurft að takast á við. Við þurfum að opna umræðuna og taka á þeim. Skandalar gerast þegar atvik koma upp og ekki er tekið á þeim.

Sigríður þakkar Hrefnu fyrir.

Önnu Maríu langar til að standa upp og klappa og gerir það og allir fara að hennar fordæmi.

Hrefna þakkar Bandalaginu fyrir að opna á þessa umræðu.

9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.

Vilborg þakkar Hrefnu og heldur áfram með dagskrá.

Dýrleif stígur í pontu til að lesa skýrslu skólanefndar.

### **Skýrsla skólanefndar**

Á liðnu starfsári sátu með mér í skólanefnd Dýrleif Jónsdóttir, Herdís Þorgeirsdóttir, Hrund Ólafsdóttir og Gísli Björn Heimisson.

Skólanefndin ber sem fyrr höfuðábyrgð á að skipuleggja starf leiklistarskóla Bandalagsins og fundar reglulega allt árið. Ég nota þetta tækifæri til að þakka kærlega öllu samnefndarfólki mínu og framkvæmdarstjóra BÍL fyrir metnaðarfullt og skemmtilegt samstarf.

Leiklistarskóli Bandalagsins var settur í 23. sinn þann 8. júní 2019 að Reykjum í Hrutafirði. Skólann árið 2019 sóttu alls 46 nemendur.

Námskeiðin voru:

1. Leiklist I - kennari Aðalbjörg Árnadóttir.
2. Leikritun II - kennari Árni Kristjánsson.
3. Sérnámskeið fyrir leikara - kennari Rúnar Guðbrandsson.

Þá fengum við góðan hóp höfunda í heimsókn. Niðurstöður viðhorfskönnunar bentu til ánægju með skólasterfið.

Árið 2020 var ráðgert að bjóða upp á fjögur fjölbreytt námskeið:

1. Leiklist II - kennari Hannes Óli Ágústsson.
2. Bak við tjöldin II - kennarar Eva Björg Harðardóttur og Ingvar Guðni Brynjólfsson.
3. Leikstjórn I - kennari Árni Kristjánsson.
4. Sérnámskeið um leikarann sem skapandi listamann - kennari Rúnar Guðbrandsson.

Vegna Covid-19 var tekin sú erfiða ákvörðun að fella niður sumarskólann árið 2020. Stefnt er að því að bjóða ofangreind námskeið í júní 2021. Rétt er að geta þess að á haustmánuðum 2020 hófst ánægjulegt samstarf við Þjóðleikhúsið um námskeiðahald. Við hlökkum til að segja nánar frá því í skýrslu um yfirstandandi skólaár á næsta aðalfundi. Segi ég þá lokið skýrslu skólanefndar.

Takk fyrir!

10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa.

Vilborg stígur í pontu og kynnir Ólöfu í pontu.

Ólöf leggur til að starfsáætlun verði óbreytt frá síðasta ári.

Vilborg spyr hvort eigi að skipa í hópa, Hörður svar að stjórn hafi ekki ætlað að skipa í hópa í þetta skipti en hægt sé að koma með tillögur undir lið 14.

Guðfinna stígur í pontu og útskýrir að vegna fjarlægðar takmarkanna hafi verið ákveðið að hafa ekki hópastarf í þetta skiptið.

11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.

Dýrleif stígur í pontu og segir frá að það þurfi að kjósa í þrjú sæti í aðalstjórn. Anna María og Ólöf gefa kost á sér áfram en Þráinn gefur ekki kost á sér áfram.

Anna Margrét gefur kost á sér í varastjórn og Jónheiður gefur kost á sér aðalstjórn.

12. Lagabreytingar.

Vilborg stígur í pontu og segir frá því að engar lagabreytingar liggji fyrir fundi í ár.

13. Tillögur lagðar fyrir fundinn - b

Vilborg ber upp "Verklagsreglur Bandalags íslenskra leikfélaga (Bandalagsins) um viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og ofbeldi í leiklistarstarfi." Þær eru samþykktar með öllum atkvæðum.

Hörður stígur í pontu og talar um að upp hafi komið spurningar um það hvort fólk geti sótt fundinn og greitt atkvæði rafrænt. Það þarf að ræða breytt fyrirkomulag á fundinum og hvort það megi greiða atkvæði rafrænt. Við það að breyta fyrirkomulagi og þó það geti verið kostir við fjarfundi þá óttast hann það að félög gætu hætt því að mæta í holdinu og við myndum þá glata því að hittast og vera saman í eigin persónu.

Við þurfum á þessum tengslum að halda. Mögulega ástæða til að beina því til stjórnar að ræða þessa þörf á breytingum og ákveða hvað á að gera.

Inga spyr hvort við eigum tölfræði yfir mætu á þingin síðustu ár.

Hörður svara að því að þetta sé allt til en ekki búið að taka það formlega saman. Hörður og Vilborg svara því að það séu yfirleitt fulltrúar frá 17-20 félögum sem mæta á Bandalagsþing.

Ingveldur talar að það beina því til stjórnar að ræða um mikilvægi þess að örva þátttöku hjá félögum sem hafa ekki verið að mæta og ef það væri streymi, ekki bara frá formlegum fundi heldur líka frá félagslega þættinum þannig að fólk átti sig á því af hverju það er að missa.

Þetta gæti haft örvandi áhrif þannig að fólk átti sig hvað fer fram á Bandalagsþingi.

Hörður lýsir yfir ánægju sinni yfir því að að leikfélag Sauðárkróks hafi sent fulltrúa á þingið því yfirleitt skarast það við Sælúvikunna þeirra.

Sigurlaug segir frá því að þau viti alveg af hverju þau eru að missa en þau frumsýna alltaf helgina fyrir Bandalagsþing. Þau hafa alltaf gefið haustþingi sitt atkvæði og gætu mögulega fylgst með streymi þessa helgi ef það væri í boði en myndu samt ekki vilja sleppa því að koma ef þau gætu.

Guðfinna stígur í pontu og talar um það á IATA þingi hafi verið boðið upp á proxy atkvæði. Þ.e. að fulltrúi félags sem mætir á fundinn fari með atkvæði fyrir annað félag. Þetta er í lögum IATA og ef við ætluðum að nýta okkur proxy atkvæði þá þyrftum við að breyta lögnum okkar. Stjórn mun skoða það hvað þarf að gerast til að annað hvort sé hægt að greiða atkvæði rafrænt eða vera með proxy atkvæði og streymi.

Vilborg stígur aftur í pontu og stingur upp á samin sé tillaga um að stjórn taki þetta upp á næsta starfsári eða að bæta þessu við starfsáætlun.

Ólöf bendir á að þetta sé tillaga og bendir einnig fundarmönnum á það að vera formleg og muna eftir að ávarpa fundarstjóra.

Vilborg þakkar fyrir það og stingur upp á að við tökum matarhlé í 20 mínútur.

Matarhlé

Guðfinna stígur í pontu og leggur tillögu fyrir fundinn.

“Aðalfundur BÍL, haldinn í Kópavogi 19. september leggur til að stjórn skoði hvort breyta eigi lögum til að opna fyrir rafræna þátttöku og atkvæðagreiðslu á aðalfundum BÍL.”

Vilborg stígur í pontu og gengið er til atkvæðagreiðslu um tillöguna og er hún samþykkt samhljóða.

14. Starfsáætlun afgreidd.

Vilborg biður fund að ganga til atvæða um starfsáætlun.

Guðfinna kemur með breytingatillögu að starfsáætlum um að halda áfram upp á 70 ára afmæli.

Starfsáætlun er samþykkt með breytingu með öllum atkvæðum

15. Stjórnarkjör.

Dýrleif stígur í pontu og kynnir þá sem hafa boðið sig fram í aðalstjórn, kjósa þarf í

Þrjú sæti, Ólöf Þórðardóttir (Leikfélagi Mosfellsbæjar) og Anna María Hjálmarsdóttir (Freyvangsleikhúsinu) gefa kost á sér áfram og Jónheiður Ísleifsdóttir (Leikfélagi Selfoss) gefur einnig kost á sér í aðalstjórn.

Þær eru kjörnar í stjórn með lófaklappi.

Í varastjórn þarf að kjósa tvo til tveggja ára og einn til eins árs. Fjórir eru í framboði til varastjórnar Sigríður Hafsteinsdóttir (Leikfélagi Selfoss), Magnþóra Kristjánsdóttir (Leikfélagi Ölfuss), Anna Margrét Pálsdóttir (Leikfélagi Kópavogs) og Þórfríður Þórarinsdóttir (Leikfélagi Norðfjarðar).

Frambjóðendur kynna sig og Hörður flytur framboðsræðu Þórfríðar þar sem hún er ekki á staðnum.

Kosningaseðlum er útdelt til 12 atvæðisbærra þátttakenda og safnað aftur af kjörnefnd.

Atkvæði eru lesin upp og talin af formanni og fundarstjóra.

Umræða um hvort það eigi að ógilda seðla sem eru ekki með réttum nöfnum. Borið undir fund hvort Hólmfríður gildi sem Þórfríður og Anna María sem Anna Margrét.

Talið verður án seðla með röngum nöfnum og ákveðið að skoða í lokin hvort þeir hafa áhrif á niðurstöður.

Kjörnefnd fer afsíðis til að ræða málið og hefur ákveðið að atkvæðin séu gild.

Talning er kláruð.

Niðurstaðan er:

Anna Margrét - 7 atkvæði - kosin til eins árs í stað Jónheiðar sem var í varastjórn og átti eitt ár eftir en var kosin í aðalstjórn

Sigríður - 6 atkvæði - ekki endurkjörin í varastjórn

Þórfríður - 12 atkvæði - kosin til tveggja ára

Magnþóra - 11 atkvæði - kosin til tveggja ára

a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.

Kjörnefnd er endurkjörin, Dýrleif, Gerður og Sigga Lára og Axel Vatnsdal til vara.

b. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga og einn til vara til eins árs.

Dýrleif og Oddfreyja gefa áfram kost á sér sem skoðunarmenn reikninga og varamaður er Ásgeir Hvítaskáld.

16. Ákveðið árgjald til Bandalagsins.

Gísli stígur í pontu og leggur til að ágjöld Bandalagsins verði eftirfarandi:

Tillaga stjórnar að árgjaldi leikárið 2020-2021

Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga leggur til að árgjöld aðildarfélaga fyrir leikárið 2020-2021 verði kr. 82.000.

Félög sem setja upp tvær styrkhæfar sýningar á leikárinu borgi eitt og hálf gjald eða kr.123.000 og félög sem setja upp þrjár sýningar eða fleiri borgi tvöfalt gjald eða kr.

164.000.

Félög sem setja ekki upp styrkhæfa sýningu á leikárinu borgi hálf t árgjald eða kr. 41.000.

Gísli útskýrði að hækkunin væri í samræmi við launavísitölu milli áráanna 2020-2021 eða 8,77%.

Gengið er til atkvæða um tillögu stjórnar um árgjald og hún samþykkt samhljóða.

## 17. Önnur mál

Guðfinna kemur í pontu og ræðir um að venjulega hefur ákvörðun um að taka hluta af styrk til leikfélaganna til reksturs þjónustumiðstöðvar verið borin undir aðalfund en vegna frestunar aðalfundar var þessi ákvörðun tekin af stjórn og voru teknar 1.750.000 kr. af verkefnastyrknum. Þetta er gert til að létta undir rekstur þjónustumiðstöðvar.

Jónheiður stígur í pontu og þakkar fyrir kjör í aðalstjórn. Hún hlakkar til samstarfsins með stjórn og framkvæmdarstjóra Bandalagsins.

Sigríður stígur í pontu og þakkar fyrir samstarf og óskar ný kjörnum stjórnar og varastjórnarkonum til hamingju.

Pórfríður stígur rafrænt í pontu með aðstoð Harðar og þakkar fyrir sig.

Ólöf stígur í pontu og talar um Leikfélag Mosfellsbæjar. Þau stefna á að frumsýna Stuart litla í Október og barnastarfið er í fullum gangi.

Vilborg bíður fulltrúum leikfélaga að stíga í pontu og kynna starf sitt.

Anna Margrét formaður Leikfélags Kópavogs talar um að hætt hafi verið við að taka Fjallið upp aftur í haust en mögulega verður það gert eftir áramót. Barnastarf er í gangi í samstarfi við Leynileikhúsið. Stefnt er að fullorðinsnámskeiði í haust sem Hörður mun sjá um.

Valdimar frá Leikfélagi Hveragerðis stígur í pontu og talar um að þau langi til að gera eitthvað í haust en það hefur ekki verið ákveðið hvað það verður. Barnastarf er í gangi í samstarfi við Leynileikhúsið og spunanámskeið á döfinni.

Ingveldur Lára frá Leikfélagi Hafnarfjarðar talar um að þau hafi fengið endurnýjaðan samning um húsnæði í Kapellu gamla Skt Jóseps spítala til eins árs + heitt vatn og auka salerni, komin með starfsleyfi. Ekki gekk að æfa Ferðamaður deyr á netinu. Voru með nokkur fjarverk síðasta vetur. Eru búin að setja af stað höfundasmiðju einu sinni í viku og opin hús. Undirbúningur að "hinu vikulega" er hafinn. LH ætlar að taka upp æfingar af ferðamanninum en mögulega ekki fyrr en í vor. Ætla að setja á dagskrá námskeið fyrir eldri borgara, höfundanámskeið og jólaævintýri í Hellisgerði. Ekki skipulagt barna eða unglíngastarf. Eru að byggja upp eftir heimilisleysi - gámaleikhús ekki vænlegt.

Pórarinn frá Huggleik segir frá því að þau náðu að sýna og nóv og des. Óperu samstarfs verkefni var frestað frá í vor fram á haust og hefur verið frestað aftur. Sýningarhúsnæðið sem þau voru með fyrir áramót var breytt í geymslu. Leikaranámskeið í æfingahúsnæði og stuttverka dagskrár. Grasrótastarf í gangi fyrst ekki er hægt að æfa nýtt verk.

Sigríður frá Leikfélagi Selfoss segir frá því að þau frumsýndu Djöflaeyjuna í vetur og sýndu þrjár sýningar. Fyrirhugað að hefja æfingar aftur á mánudaginn en óvissa

vegna nýjustu fréttu. Stefnt er á námskeið í vor. Það voru sumarnámskeið fyrri börn í fyrra sumar og stefnt á að halda áfram með þau. Ýmsir fastir liðir á plani ef hægt er. Fer eftir stöðunni.

Anna María frá Freyvangsleikhúsinu segir frá því að þau sýndu 9 sýningar af Dagbók Önnu Frank. Það kenndi henni að tækla ástandið. Planið var að byrja að sýna aftur þessa helgi eða æfa á mánudaginn.

Ágúst frá Leikfélagi Hólmavíkur segir frá því að þau sýndu tvær sýningar af leikgerð af Stellu í Orlofi, ætluðu að taka upp aftur með haustinu, en Covid stoppaði það.

Guðríður hjá Halaleikhópnum segir frá því að þau hafi lent í sömu vandræðum og aðrir. Eru búin að ráða Sigrúnu Valbergs til að leikstýra tveimur einpáttungum, Gular baunar og Aldrei fer ég suður, þau byrja í nóvember og sýna í kjölfarið.

Sigurlaug hjá Sauðárkróki segir frá því að þau hafi verið með tvær sýningar á ári barnasýning að hausti og farsa á vori. Voru byrjuð að æfa en þurftu að hætta. Stefna ótrauð á vorið 2021. Nýta haustið til að vera með lítið verk í barnastarfið. Fóru til sveitarstjóra og hann varð við ósk þeirra um nýtt húsnæði. Þau eru að standsetja það í covid ástandinu.

Ármann hjá Sýnum. Sýnir var ekki virkt seinasta vetur. Ekkert sérstakt í plönunum. Þegar önnur leikfélög eru í lamasessi, smitast það í leikfélagið Sýnir.

Hörður Sigurðarson. Hann hefði kosið að félög sem voru að kynna sína starfsemi hér á fundinum sendi sér einmitt þessar fréttir til hans með góðum myndum af andlitum til að setja á vefinn til að kynna starfsemi leikfélaganna. Hann stiklaði á stóru með ýmsa hluti. Hægt er að fá aðgang að BÍL aðgangi Vimeo, þar er töluvert mikið geymslupláss, fyrir öll leikfélög næstu 7-9 ár.

Hörður skilaði kveðju til fundarins frá Sigrúnu Valbergsdóttur.

Miklar breytingar urðu á vefnum þennan vetur. Við vorum komin í óefni með vefinn, hann var ekki að virka og núna er komin greiðslugátt á leikhúsbúðinni á vefnum. Hörður er farinn að setja inn kennslumyndbönd á ýmsum vörum á vefinn. Hann hvatti fólk til að kíkja á það.

Haldinn verður aðalfundur 2021, leiklistarhátíð verður haldin í tengslum við það og lagði hann til að fólk færi strax að hugsa um hvað þau ætli að senda þangað, finna góðan þátt eða þætti og koma með á aðalfund næsta vor.

Hörður vill opna á vefnum leikæfingabanka. Gagnabanki með leiklistaræfingum sem hægt er að leita í með ýmsum hætti. Sótt var um styrk fyrir hann hjá Rannís en því var hafnað. Hugmyndin er að þegar hann er opnaður, þá geti skólar og aðrir hópar keypt sér áskrift og þannig skapað tekjur fyrir Bandalagið reglulega. Gagnabankinn myndi vera byggður upp og þróaður og alltaf hugað að því að bæta inn í hann. Jafnvel kennsluáætlanir þegar fram í sækir. Endilega láta vita ef fleiri en Guðfinna og Gísli hafa áhuga að taka þátt í þessu.

18. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund

Ólöf tók til máls og kynnti staðsetningu. Keflvíkingar flytja 2020 tilboð sitt til 2021. Þ.a. næsti aðalfundur verður í Keflavík vorið 2021. Keflvíkingar eru með sitt eigið leikhús, þar verður leiklistarhátíðin í tengslum við aðalfundinn.

Vilborg lokaði dagskrá og þakkaði samstarfið í dag.

Guðfinna hvatti fólk til að hittast og spjalla, í leikhúsinu eða á kaffihúsum, hugsa út fyrir kassann. Ekki hætta að hittast. Hugsa um framtíðina eins og Hörður nefndi. Því fleiri sem koma með verk á hátíðina, því betra. Segja frá starfsemi leikfélaganna, þarf ekki að vera merkilegt, deila því á leiklist.is.

Hún þakkaði Þráni fyrir samstarfið til fjölda ára. Þakkaði líka Sigggu fyrir samstarfið og bauð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa. Hún þakkaði Vilborgu fyrir fundarstjórn og yndislega nærveru og að lokum þakkaði hún LK fyrir að hýsa okkur og fæða okkur þennan dag.

Guðfinna sleit fundi kl. 13:40



## Menningarstefna Bandalags Íslenskra leikfélaga

*Blómleg starfsemi og fjöldi leikfélaga hér á landi vitnar um að leiklistin er almenningsseign. Stór hópur fólks, óháð aldri, kyni og þjóðfélagsstöðu, nýtir frítíma sinn í skapandi starf og vinnur saman að leiklist. Bandalag Íslenskra leikfélaga vill vinna að þróun og eflingu leiklistar með því að:*

- stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum.
- gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þroskast í menningarlegu og faglegu tilliti.
- stuðla að því að börn og ungingar kynnist leiklist, jafnt sem þátttakendur og áhorfendur.
- starfa með atvinnufólki að því markmiði að leiklistinni verði ætíð tryggð þroskavænleg skilyrði.
- stuðla að samskiptum og samvinnu leiklistaráhugafólks á norrænum og alþjóðlegum vettvangi.
- hvetja til að listrænn metnaður og virðing fyrir leiklistinni sé leiðarljós allra áhugaleikara.
- halda á lofti gildi þeirrar reynslu sem fæst með samstarfi og í samneyti við annað fólk.

## ALLT FYRIR ANDANN

### Sameiningarsöngur áhugaleikara

Það mælti mín móðir  
Að mér skyldi kaupa  
Fleyg af fegursta víni  
En lát'eins og leikstjórinn  
- lítið mig staupa'  
En ég stressast svo þegar ég sýni.

Og botnlanginn brostinn  
Og bévitans sárin  
Í maganum, hvað ég er kvalinn  
Og gómana glepti'  
En ég gat gegnum tárin  
Brosað samt út í salinn.

Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son  
Ég er ykkar systkin, það er engin von  
Í heiminum fyrir handan  
Bandalagið  
Sem elding leiftri inni mér  
Mitt annað heimili er hér  
Er allt fyrir andann  
Bandalagið.

Og víst er að vörðinn  
Við vandlega stöndum  
Um menningararfinn okkar  
Af hugsjónahita  
Á hrollköldum ströndum  
Íslands - því leikhúsið lokkar

Sá grátur, sú gleði  
Sá galdur að skapa  
Fegurð oft furðu vekur  
En ef ég er álitinn  
Ærunni tapa  
Af að leika er ljóst ég er sekur

Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son...

Sigurlagið í samkeppni um besta  
sameiningarsönginn sem haldin var á  
Selfossi 1997

Lag: Oddur Bjarni Þorkelsson og  
Sigurður Illugason

Texti: Oddur Bjarni Þorkelsson

# Ársreikningur 2019



**Bandalag íslenskra leikfélaga**

**ÁRSREIKNINGUR**

---

**2019**

Bandalag íslenskra leikfélaga  
Kleppsmýrarvegi 8  
104 Reykjavík  
Kt.: 440169-0239

---

## Bandalag íslenskra leikfélaga

### ÁRSREIKNINGUR

---

2019

*Guðfinna Gunnarsdóttir*

*Þorarrinn Sigurðsson*

*Lárus Þór Ásfr*

*Ólaf A Þorsteinsson*

*Anna María Hjálmasdóttir*

#### Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar og framkv.stjóra	2
Áritun viðurkennds bókara	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5 - 6
Sundurliðanir	7 - 8

---

## Áritun Bókhalds og kennslu ehf

---


Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Bandalag íslenskra leikfélaga vegna ársins 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar nr. 1-7

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða Bandalag íslenskra leikfélaga við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Framsetning ársreiknings er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli, koma þar fram.

Reykjavík, 6. apríl 2020

  
Bókhald og kennsla ehf  
Inga Jóna Óskarsdóttir, viðurkenndur bókari

---

Við undirritaðir, félagslegir skoðunarmenn Bandalags íslenskra leikfélaga, höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2019 og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 30. júní 2020

  
Dýrleif Jónsdóttir

  
Oddfreyja H. Oddfreysdóttir

## Rekstrarreikningur ársins 2019

Rekstrartekjur	skýr	2019	2018
<b>Árgjöld, styrkir og fleira:</b>			
Árgjöld aðildarféлага		2.979.095	3.186.200
Ríkissjóðsstyrkur		6.000.000	6.000.000
Aðrir styrkir		3.000.005	2.499.997
Leiklistarskóli BÍL	1	4.513.500	5.023.000
www.leiklist.is	2	78.500	70.000
Aðrar tekjur	3	1.123.508	461.834
<b>Samtals</b>		<u>17.694.608</u>	<u>17.241.031</u>
<b>Sala:</b>			
Sala á farða		1.777.227	2.182.527
Sala á handritum		331.782	452.247
Sala á bókum		5.045	3.153
<b>Samtals</b>		<u>2.114.054</u>	<u>2.637.927</u>
<b>Rekstrartekjur samtals</b>		<u>19.808.662</u>	<u>19.878.958</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
<b>Kostnaðarverð seldra vara og fleira:</b>			
Farði		667.673	1.240.377
Handrit		393.361	410.406
Birgðabreyting		244.446	-34.058
Afskrifaðar ónýtar vörur		246.858	54.184
<b>Samtals</b>		<u>1.552.338</u>	<u>1.670.909</u>
Laun og launat. gjöld	4	12.380.406	10.068.871
Ýmiss rekstrarkostnaður	5	1.770.775	2.284.775
Húsaleiga		1.231.476	1.190.646
Leiklistarskóli BÍL	1	4.030.646	4.719.198
www.leiklist.is	2	147.093	84.435
Vaxtagjöld		41.036	13.887
<b>Samtals</b>		<u>19.601.432</u>	<u>18.361.812</u>
<b>Rekstrargjöld samtals</b>		<u>21.153.770</u>	<u>20.032.721</u>
<b>HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS</b>		<u><b>-1.345.108</b></u>	<u><b>-153.763</b></u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

---

Eignir	skýr	31.12.2019	31.12.2018
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir	6	2.074.750	2.566.054
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		166.992	93.326
Handbært fé	7	308.257	294.189
	<b>Samtals</b>	<u>2.549.999</u>	<u>2.953.569</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>2.549.999</u></u>	<u><u>2.953.569</u></u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

---

<b>Eigið fé og skuldir</b>	skýr	<b>31.12.2019</b>	<b>31.12.2018</b>
<b>Eigið fé</b>			
Höfuðstóll 1.1.		1.616.043	1.769.806
Rekstrarhagnaður (tap)		-1.345.108	-153.763
<b>Eigið fé alls</b>		<u>270.935</u>	<u>1.616.043</u>
<b>Skuldir</b>			
Bankareikningslán		0	809.793
Ýmsir lánaðrotnar		1.728.861	151.497
Ógreiddur virðisaukaskattur		59.386	57.307
Ógreidd laun og launatengd gjöld		490.817	318.929
<b>Samtals</b>		<u>2.279.064</u>	<u>1.337.526</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u><u>2.549.999</u></u>	<u><u>2.953.569</u></u>

## Sundurliðanir

	2019	2018
<b>1. Leiklistarskóli BÍL</b>		
<b>Tekjur</b>		
Reykjaskóli - Þátttökugjöld nemenda	4.513.500	5.023.000
<b>Samtals</b>	<b>4.513.500</b>	<b>5.023.000</b>
<b>Gjöld</b>		
Reykjaskóli	4.030.646	4.719.198
<b>Samtals</b>	<b>4.030.646</b>	<b>4.179.085</b>
<b>2. www.leiklist.is</b>		
<b>Tekjur</b>		
Skráningargjöld	38.500	30.000
Umsóknarkerfi	0	20.000
Gagnrýnissjóður	40.000	20.000
<b>Samtals</b>	<b>78.500</b>	<b>70.000</b>
<b>Gjöld</b>		
Dropbox vefafritun	14.995	12.709
Hýsing vefs og áskrift þjónustu	28.184	25.583
Viðhald og endurbætur	63.914	26.143
Gagnrýnissjóður	40.000	20.000
<b>Samtals</b>	<b>147.093</b>	<b>84.435</b>
<b>3. Aðrar tekjur</b>		
Vimeo árgjald	150.000	0
Vaxtatekjur - fjárskattur	23.267	25.621
Tekjur vegna innheimtu höfundarlauna	749.858	436.213
Ýmsar tekjur	200.383	0
<b>Samtals</b>	<b>1.123.508</b>	<b>461.834</b>
<b>4. Laun og launatengd gjöld</b>		
Laun starfsfólks	8.639.662	6.895.200
Lífeyrissjóðsgjöld	1.166.351	879.943
Sjúkra-, orlofs- og starfsmenntasjóður	142.555	113.772
Tryggingagjald	647.198	532.596
Dagpeningar	1.784.640	1.647.360
<b>Samtals</b>	<b>12.380.406</b>	<b>10.068.871</b>

## Sundurliðanir, framhald

	2019	2018
<b>5. Ýmis rekstrarkostnaður</b>		
Ræsting	88.000	88.000
Viðhald húsnæðis	1.190	0
Vátryggingar	108.692	104.610
Burðargjöld	3.900	0
Símakostnaður	322.075	156.954
Ritföng	5.455	6.114
Þjónustugjöld fjármálastofnana	109.026	112.397
Rekstur tölvukerfis	158.443	12.410
Kaffi og hreinlætisvörur	53.040	20.449
Kynningarstarf og auglýsingar	21.411	12.824
Stjórnarfundir	115.287	146.422
Aðalfundur BÍL	1.107.183	1.687.408
Innheimtur kostn. vegna aðalfundar BÍL	-968.160	-1.374.700
Kostnaður vegna nefnda	19.364	18.363
Kostnaður v. NAR, NUTU, NEATA og IATA	0	540.286
Félagsgjald IATA	49.949	44.703
Securitas, vöktun	224.173	216.815
Hugbúnaðarleiga, netbókhald.is	110.218	110.460
Ársuppgjör og bókhaldsþjónusta	148.180	141.980
Áskrift og bókakaup	648	1.296
Gjafir og styrkir	68.949	19.998
Smááhöld á skrifstofu	13.773	9.900
Annar kostnaður	9.979	4.306
Afskrifaðir reikningar	0	740
Annar starfsmannakostnaður	0	201.940
Fjármagnstekjuskattur	0	1.100
<b>Samtals</b>	<b><u>1.770.775</u></b>	<b><u>2.284.775</u></b>
<b>6. Birgðir</b>		
Birgðir greinast þannig :		
Saga BÍL, bókabirgðir	14.785	102.747
Farði	2.059.965	2.463.307
	<b><u>2.074.750</u></b>	<b><u>2.566.054</u></b>
<b>7. Handbært fé</b>		
Innstæður á bankareikningum	293.909	287.672
Sjóður - peningakassi	14.348	6.517
	<b><u>308.257</u></b>	<b><u>294.189</u></b>

# Lög Bandalags íslenskra leikfélaga

## 1. grein

Samtökin nefnast Bandalag íslenskra leikfélaga. Heimili Bandalagsins og varnarþing er í Reykjavík.

## 2. grein

Bandalagið er landssamtök áhugaleikfélaga á Islandi og kemur fram fyrir hönd leikfélaganna gagnvart íslenskum og erlendum yfirvöldum. Það gætir hagsmuna áhugaleiklistarinnar innan samtaka leikhúsfólks, t.d. í Leiklistarsambandi Islands og fer með aðild Islands að Norræna áhugaleikhúsráðinu, NAR, Norður-evrópska áhugaleikhúsráðinu, NEATA, og Apjódlega áhugaleikhúsráðinu, IATA.

## 3. grein

Markmið Bandalagsins er að vinna að þróun og eflingu leiklistar á Islandi. Markmiði þessu hyggst það ná með því:

1. Að stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum landsins.
2. Að gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þrskast í menningarlegu og faglegu tilliti.
3. Að annast innkaup og sölu á varningi sem leiklistarstarfsemin þarfnast. 4. Að útvega leikverk og sjá um fjölrítun þeirra eða útgáfu.
5. Að útvega leikstjóra/leiðbeinendur sé þess óskað.
6. Að miðla upplýsingum og fræðslu á skilvirkan hátt.
7. Að kynna starfsemi íslenskra áhugaleikfélaga innan lands sem utan. 8. Að örva leikfélög til að leita nýrra leiða í leiklistarstarfi.

Til að auðvelda sér að ná markmiðum sínum rekur Bandalagið þjónustumiðstöð og heldur úti Leiklistarvefnum.

## 4. grein

Öll félög áhugamanna, sem hafa leiklist á stefnuskrá sinni og verja öllum sínum tekjum til viðhalds og uppbyggingar leiklistinni sjálfri og ekki eru tengd neinni stofnun, geta gerst aðilar að Bandalaginu. Heimilt er þó að veita leikfélögum aldraðra og öryrkja aðild, þó þau séu tengd stofnun, enda uppfylli þau önnur skilyrði um inngöngu. Inngöngubeiðni þarf að vera skrifleg og skal fylgja afrit af lögum félagsins og upplýsingar um hverjir skipa stjórn þess. Stjórn Bandalagsins afgreiðir inngöngubeiðnir og leggur samþykktar beiðnir fram til staðfestingar á aðalfundi. Gæta þarf þess að félagslög brjóti ekki í bága við lög Bandalagsins. Aðildarfélög greiða árgjöld til Bandalagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar þess. Gjaldldagi árgjalda er 1. september.

## 5. grein

Bandalagið aflar sér tekna með:

1. Opinberum styrkjum.
2. Argjöldum félaganna.
3. Öðrum þeim leiðum sem stjórn og framkvæmdastjóri sameiginlega telja færar.

## 6. grein

a) Aðalfundur er æðsta vald Bandalagsins og skal hann haldinn eigi síðar en í september ár hvert. Stjórn Bandalagsins ákveður þingstað hverju sinni. Aðalfundur skal boðaður með minnst mánaðar fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina þingstað, fundartíma og dagskrá fundarins. Fundarboði skulu

fylgja reikningar Bandalagsins og framkomnar lagabreytingartillögur. Tillögur til lagabreytinga skulu sendar þjónustumiðstöð Bandalagsins eigi síðar en 6 vikum fyrir aðalfund. Hvert aðildarfélag hefur eitt atkvæði á aðalfundi og skal einn fulltrúi fara með atkvæðið. Heimilt er að tilnefna annan fulltrúa til vara. Allir fundarmenn hafa málfrelsi og tillögurétt. Kjörbréf til handa fulltrúanum og varamanni hans skulu staðfest af formanni eða ritara viðkomandi félags og afhent starfsfólki þjónustumiðstöðvar fyrir fundinn.

b) Verkefni aðalfundar skulu vera:

1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmæti fundarins kannað.
2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.
3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.
4. Staðfest inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.
5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.
6. Skýrsla stjórnar.
7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.
8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.
9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.
10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa.
11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.
12. Lagabreytingar.
13. Tillögur lagðar fyrir fundinn.
14. Starfsáætlun afgreidd.
15. Stjórnarkjör.
16. a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.  
b. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga og eins til vara til eins árs.
17. Akveðið árgjald til Bandalagsins.
18. Önnur mál
19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund.

c) Tillögur sem kjörnefnd getur ekki gert að sínum og tillögur sem berast eftir að kjörnefnd lýkur störfum skulu studdar af a.m.k. 3 atkvæðisbærum fulltrúum. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður útslitum mála á aðalfundi, þar sem annað er ekki tekið fram. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi. Til lagabreytinga og brottvikningar úr Bandalaginu þarf 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi.

d) Kveða skal til aukafundar ef tíu eða fleiri félög óska þess. Framkvæmdastjóri skal þá boða strax til aukafundar og skal hann haldinn innan eins mánaðar frá boðun. Aðalfundir og aukafundir eru löglegir og ályktunarhæfir ef löglega er til þeirra boðað.

e) Fundargerðir aðalfunda skulu samþykktar af stjórn og birtar á Leiklistarvefnum.

## 7. grein

Stjórn Bandalagsins fer með æðsta vald Bandalagsins milli aðalfunda, hana skipi 5 menn, formaður, varaformaður, ritari og tveir meðstjórnendur. Þeir skulu kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn, þannig að annað árið er kosinn formaður og einn stjórnarmanna, en næsta ár þrír stjórnarmenn. Formaður er kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Á sama hátt skal kjósa ýmist tvo eða þrjá í fimm manna varastjórn. Varastjórnarmenn eru boðaðir á alla stjórnarfundi og hafa málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt nema þegar þeir taka sæti í aðalstjórn vegna forfalla aðalmanna. Kosningar skulu bundnar við uppástungur. Formaður boðar til stjórnarfunda. Halda skal minnst fjóra stjórnarfundi á ári og skulu fundargerðir birtar á Leiklistarvefnum og í Arsríti Bandalagsins. Fundur er lögmætur ef minnst þrír aðalmenn mæta.

## 8. grein

Stjórn ræður framkvæmdastjóra fyrir Bandalagið, svo og annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri fer með framkvæmdavald í umboði stjórnar. Hann skal annast daglegan rekstur Bandalagsins og vinna að öðru leyti í samræmi við þessi lög. Um önnur nauðsynleg atriði skal fjalla í ráðningarsamningi. Framkvæmdastjóri er ábyrgur gagnvart stjórn Bandalagsins og aðalfundi þess. Hann, sem og annað fastráðið starfsfólk Bandalagsins, skal hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi og öðrum fundum bandalagsins. Starfsfólk Bandalagsins skal ekki fara með atkvæði á aðalfundi.

## 9. grein

Starfsfólki Bandalagsins er heimilt að greiða fyrir einstaklingum, skólum og félögum utan Bandalagsins, enda sé því kunnugt að það brjóti ekki í bága við hagsmuni Bandalagsfélaganna. Fyrir slíka aðstoð áskilur Bandalagið sér þóknun.

## 10. grein

Stjórn skipar nefndir til að sinna þeim verkefnum sem þurfa þykir, eða kveðið er á um í starfsáætlun. Stjórn afhendir hverri nefnd skipunarbréf þar sem kveðið er á um hlutverk nefndarinnar. Nefndir starfa eftir tímaramma og gera stjórn grein fyrir framvindu mála sé þess óskað. Nefndir skila skýrslu á aðalfundi.

## 11. grein

Kjörnefnd starfar milli aðalfunda. Skal hún kanna hug aðildarfélaganna til stjórnarkjörs og taka við tillögum.

## 12. grein

Reikningsár Bandalagsins er almanaksárið. Reikningar þess skulu settir upp af viðurkenndum bókara eða löggiltum endurskoðanda og skulu þeir vera tilbúnir fyrir skoðunarmenn reikninga eigi síðar er fjórum vikum fyrir aðalfund.

## 13. grein

Sérhvert aðildarfélag skal senda Bandalaginu ítarlega skýrslu um starfsemi sína, fyrir 10. júní ár hvert, á þar til gerðum eyðublöðum frá þjónustumiðstöðinni. Þar skal getið verkefna á leikárinu, fjölda leiksýninga, sýningarstaða og annars þess sem máli kann að skipta. Á sama tíma skulu stjórnir aðildarfélaganna skila greinargerð um starfsemi ársins til birtingar í í ársriti bandalagsins. Stjórn Bandalagsins er heimilt að setja nánari reglur um hvaða gögn þurfa að fylgja skýrslu.

## 14. grein

Aðildarfélögum er heimilt að stofna með sér sérsambönd og skulu þau vinna að sameiginlegum hagsmunamálum eftir því sem aðstæður leyfa. Lög og reglur skulu vera í samræmi við lög Bandalagsins.

## 15. grein

Sé árgjald aðildarfélags eigi greitt fyrir aðalfund missir félagið atkvæðisrétt sinn á fundinum. Vanskil á greiðslu árgjalds í tvö ár veitir stjórn Bandalagsins heimild til að víkja viðkomandi félagi úr Bandalaginu með samþykki aðalfundar. Aðalfundur getur víkið félagi úr Bandalaginu hafi það gerst brotlegt við lög eða samþykktir þess.

## 16. grein

Heimilt er að stofnsetja sjóði innan Bandalagsins, enda séu þeir ætlaðir til framgangs málefnum þess. Stjórnin setur reglur varðandi lán eða leigu Bandalagsins á eignum þess eða sameiginlegri eign Bandalagsfélaganna í vörslu Bandalagsins.

### **17. grein**

Bandalagsfélög sem ferðast með leikrit til sýninga, skulu hafa samráð við leikfélög á fyrirhuguðum sýningarstöðum, svo sýningar þeirra skaði ekki viðkomandi félög. Í sýningarferðum skulu Bandalagsfélögin aðstoða hvert annað eftir bestu getu.

### **18. grein**

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að skjóta öllum ágreiningsmálum sem rísa kunna í félaginu eða milli einstakra aðildarfélaga, til stjórnar Bandalagsins.

### **19. grein**

Bandalagi íslenskra leikfélaga verður ekki slitið nema 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa á aðalfundi séu því samþykktir. Stjórn Bandalagsins skal þó sitja áfram og boða til annars fundar 4 - 6 mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt með 4/5 hluta atkvæða að slíta Bandalaginu skulu það heita lögleg félagsslit. Sé Bandalaginu þannig löglega slitið skulu allar eignir þess afhentar Menntamálaráðuneytinu til varðveislu og ávöxtunar.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin eldri lög Bandalags íslenskra leikfélaga. Samþykkt á aðalfundi í Skagafirði 3. maí 2008 með viðbótum frá aðalfundi á Isafirði 5. maí 2012.

## Kveðja

Góðkunningi Þjónustumiðstöðvar, Gísli Rúnar Jónsson féll frá síðla sumars eins og alþjóð veit. Gísli Rúnar var einn afkastamesti þýðandi leikrita á íslenska tungu og við hér á skrifstofu Bandalagsins höfum haft við hann mikil og góð samskipti í gegnum tíðina. Áhugafélögin hafa sett upp ótal leikrit í þýðingum hans undanfarna áratugi. Samskiptin við hann, hvort sem var í síma eða tölvupósti voru ávallt ánægjuleg og oftast lituð hans einstaka húmor. Ósjaldan voru þau í limruformi sem lífgaði upp á það sem svo auðveldlega hefðu getað verið hversdagsleg og jafnvel ögn leiðinleg samskipti. Þannig var Gísli Rúnar jafnan, gleðigjafi og leiðindaspillir.



Síðastliðið vor fylgdu í tölvupóstum frá Gísli Rúnari eftirfarandi tvær limrur úr útkominni limrubók hans en þar ku limrur úr leikhúsinu vera fyrirferðarmiklar. Hann gaf góðfúslega leyfi til að birta limrurnar á Leiklistarvefnum en ekki hafði orðið af því þegar hann féll frá. Hér er úr því bætt. Textar Gísli Rúnars, andi og húmor mun lifa á sviðum íslensks áhugaleikhúss um ókomna tíð.

### *Method acting*


*Vandvirknin einkenndi Val  
hann verðskuldað senunni stal  
- og tilþrífín slík  
- er túlkadaí'ann lík,  
að nályktin náð'úti sal.*

### *Vaxtarverkir - í minningu stórleikara*

*Sem hetja, hugsuður, fauti,  
í Hamlet - í Pétri Gauti,  
hann bar upp hvern þátt,  
- en byrjaði smátt  
sem afturendi á nauti.*

## Um okkur

Bandalag íslenskra leikfélaga er samtök áhugaleikfélaga á Íslandi, stofnuð árið 1950. Í samtökunum eru á fimmta tug leikfélaga sem starfa vítt og breitt um landið. Fjöldi einstaklinga í félögunum er u.þ.b. 3-4 þúsund. Bandalagið rekur einu þjónustumiðstöð leiklistarinnar hérlandis að Kleppsmýrarvegi 8, 104 Reykjavík. Þjónustumiðstöðin þjónar ekki einungis áhugaleikfélögum, heldur öllum þeim sem starfa að málefnum leiklistar á landinu.



Í þjónustumiðstöð BÍL er Leikhúsbúðin þar sem seldar eru förðunarvörur og leikhúsvörur af ýmsu tagi.



Í þjónustumiðstöðinni er einnig að finna stærsta leikritasafn landsins. Starfsfólk þjónustumiðstöðvarinnar aðstoðar við útvegum sýningarleyfa og sér um innheimtu höfundargreiðslna, auk þess að veita ráðgjöf um ýmislegt sem við kemur leiklist.



Bandalagið starfrækir Leiklistarskóla BÍL sem starfar á hverju sumri og býður námskeið í leik, leikstjórn, leikritun, sviðs- og búningahönnun og ýmsu fleira.



BÍL heldur úti Leiklistarvefnum, [www.leiklist.is](http://www.leiklist.is) þar sem leiklistin á víðum grundvelli er þjónustuð.

